



Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Starfsskýrsla 2009-2013



Efnisyfirlit

Stjórnun	3
Stefnumótun	7
Fjárhagur	10
Framkvæmdir	12
Öryggismál	17
Lífrikið	20
Sagan	23
Gestir	28

Starfsskýrsla Þingvallanefndar 2009-2013

Útgefandi: Þingvallanefnd

Umsjón, hönnun og umbrot: Athygli

Ljósmyndir: Einar Á. E. Sæmundsen o.fl.

Prentun: Svansprent



Júní 2013

Stjórnun



Pingvallanefnd

Pingvallanefnd fer með yfirstjórn þjóðgarðsins á Þingvöllum en hann var stofnaður með lögum árið 1930. Nefndin, sem heyrir undir forsætisráðuneytið, er skipuð sjö þingmönnum kosnum af Alþingi. Þingvallanefnd ræður þjóðgarðsvörð sem annast daglegan rekstur og ræður annað starfsfólk.

Í ársbyrjun 2013 er Þingvallanefnd skipuð alþingismönnum Álfheiði Ingadóttur, sem er formaður nefndarinnar, Björgvin G. Sigurðssyni varaformanni, Ragnheiði E. Árnadóttur, Sigurði Inga Jóhannssyni, Valgerði Bjarnadóttur, Þorgerði K. Gunnarsdóttur og Þuríði Backman. Nokkrar mannbreytingar hafa orðið í Þingvallanefnd frá því hún var kosin 11. ágúst 2009 en auk þeirra sem nú sitja í nefndinni hafa þingmennirnir Atli Gíslason, Höskuldur Þórhallsson og Þráinn Bertelsson verið aðalmenn í Þingvallanefnd á kjörtímabilinu. Varamenn í Þingvallanefnd eru: Lilja Rafney Magnúsdóttir, Róbert Marshall, Jón Gunnarsson, Vigdís Hauksdóttir, Helgi Hjörvar, Árni Johnsen og Atli Gíslason.

Þingvallanefnd hélt 44 fundi á kjörtímabilinu, eða einn fund í mánuði að jafnaði. Á fyrsta fundi var ákveðið að birta fundargerðir nefndarinnar á vefsvæði þjóðgarðsins sem hefur leitt til þess að almenningur og fjölmiðlar eiga nú greiðari aðgang að ákvörðunum og umfjöllun um málefni Þingvalla er líflegri en oft áður.



400. fundur Þingvallanefndar var haldinn 19. apríl 2013 á nefndasviði Alþingis. Frá vinstri: Valgerður Bjarnadóttir, Þuríður Backman, Álfheiður Ingadóttir formaður, Þröstur Gylfason ritari í Alþingi, Þorgerður K. Gunnarsdóttir og Sigurður Ingi Jóhannsson. Á myndina vantar Ragnheiði E. Árnadóttur og Björgvin G. Sigurðsson.



Álfheiður Ingadóttir.

Ávarp formanns

Þingvellir eru magnaður staður þar sem saga og menning eru samofin landi og náttúru. Á Þingvöllum stóð fyrsta þjóðþing í okkar heimshluta og þangað rekjum við upphafið að sögu Íslendinga sem þjóðar. Þar má lesa myndunarsögu Íslands sem opna bók og kraftarnir sem mótuðu landið og einstakt lífríki Þingvallavatns eru enn að verki. Þetta er staðurinn sem Íslendingum var á árinu 2004 falið að gæta sem hluta af heimsarfinum þegar Þingvellir voru skráðir á heimsminjalista UNESCO sem menningarminjar.

Þingvellir eru mikilvægur hluti af sjálfsmynd Íslendinga og í senn tákmynd lýðræðis og sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Þar eiga allir sinn griðastað og eftirlætisiðju og vildu helst vera þar án truflunar frá öðrum. En nú eru breyttir tímar og þröng á þingi. Griðarleg fjölgun ferðamanna hefur krafist stýringar á umferð og gjalddöku til þess að tryggja öryggi gesta og forða landsþjöllum. Ef allir eiga að njóta verunnar á Þingvöllum verða gestir að umgangast náttúru og menningarminjar af varúð en einnig bera virðingu fyrir öðrum ferðalöngum. Þar er enginn hópur öðrum réttþærri.

Fjögur ár eru skammur tími í lífi Þingvalla en árin 2009 til 2013 voru þó viðburðarík eins og þessi skýrsla ber með sér. Hæst ber bruna Valhallar, sakleysislegt „gatið“ sem reyndist djúp gjá í Kárastaðastígnum miðjum og nýjan veg yfir Lyngdalsheiði til Laugarvatns. Einnig má nefna hugmyndaleitina, bann við byggingu nýrra sumarhúsa í þjóðgarðinum, takmarkanir á köfun og gjalddöku í Silfri í kjölfar alvarlegra slysa, samstarf við veiðimenn um vöktun og vernd Þingvallavatns, umfangsmeiri verslun og þjónustu allt árið á Hakinu, fornleifaskráningu og samvinnu við sveitarstjórnir og önnur yfirvöld um ráðstafanir gegn mengun Þingvallavatns.

Mörgu er ólokið og verkefnin mörg aðkallandi. Aðalatriði er að tryggja að komandi kynslóðir fái einnig að njóta alls þess sem Þingvellir hafa uppá að bjóða. Þó Alþingi og forsætisráðuneytið beri ásamt Þingvallanefnd hina formlegu ábyrgð á varðveislu Þingvalla, má enginn skerast úr leik enda eru Þingvellir sameign okkar allra „ævarandi eign íslensku þjóðarinnar“ eins og lög kveða á um.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hefur góðu starfsfólki á að skipa. Það reyndi sannarlega á mannskapinn þegar Sigurður K. Oddsson þjóðgarðsvörður féll frá rétt eftir að ný Þingvallanefnd tók til starfa í ágúst 2009. Einar Á.E. Sæmundsen, Guðrún St. Kristinsdóttir og Hrefna V. Jónsdóttir ásamt Karli Kristjánssyni fjármálastjóra Alþingis leiddu nefndarmenn fyrstu skrefin og fyrir það vil ég þakka hér. Einnig vil ég þakka nefndarmönnum í Þingvallanefnd samstarfið, sem og Ástu R. Jóhannesdóttur forseta Alþingis, Helga Bernódussyni skrifstofustjóra, Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og Óðni H. Jónssyni skrifstofustjóra fyrir góðan stuðning við þjóðgarðinn og Þingvallanefnd. Sérstaklega vil ég þakka Ólafi Erni Haraldssyni þjóðgarðsverði og Lilju Jónsdóttur lögmanni fyrir ánægjulega samvinnu sem og Hrefnu Sylvíu Sigurgeirsdóttur sem kom til liðs við þjóðgarðinn 2012. Það hefur verið heiður að fá að vinna með öllu þessu góða fólki sl. fjögur ár.

Nýrri Þingvallanefnd óska ég heilla í mikilvægum störfum sínum.

Þjóðgarðsvörður á Þingvöllum

Eitt af fyrstu verkum Þingvallanefndar var að ráða þjóðgarðsvörð á Þingvöllum en hann er jafnframt framkvæmdastjóri Þingvallanefndar. Starfið var auglýst laust til umsóknar eftir fráfall Sigurðar K. Oddssonar, þáverandi þjóðgarðsvarðar, í ágúst 2009. Alls bárust 78 umsóknir og var tillaga formanns um að ráða Ólaf Örn Haraldsson, landfræðing og fyrrverandi alþingismaður, samþykkt samhljóða af Þingvallanefnd. Ólafur Örn tók við starfi þjóðgarðsvarðar og framkvæmdastjóra Þingvallanefndar í byrjun febrúar 2010.

Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður hefur verið forseti Ferðafélags Íslands frá 2004. Hann var stofnandi og eigandi Gallup á Íslandi og alþingismaður 1994-2003 og meðal annars formaður umhverfisnefndar þingsins í sex ár og formaður fjárlaganefndar í tvö ár. Ólafur Örn lauk BA-námi í sagnfræði frá Háskóla Íslands 1971, BSc-námi í landafræði og jarðfræði frá HÍ 1972 og meistaraáráðu frá Háskólanum í Sussex á Englandi í skipulagsfræðum.

Sigurður K. Oddsson þjóðgarðsvörður var byggingameistari að iðn en nam byggingatæknifræði í Svíþjóð. Að námi loknu starfaði hann við uppbyggingu álversins í Straumsvík og var seinna bæjartæknifræðingur í Hafnarfirði. Hann stofnaði síðar í félagi við aðra Tæknipjónustuna í Reykjavík. Sigurður var ráðinn þjóðgarðsvörður á Þingvöllum og framkvæmdastjóri Þingvallanefndar árið 1995 og gegndi því starfi til dauðadags.

Árið 2009 voru föst stöðugildi í þjóðgarðinum 3,6 auk þess sem 10 landverðir voru ráðnir til sumarstarfa. Ársverk það ár voru 7,2. Á árinu 2012 voru föst stöðugildi orðin 4 og ársverkin 11,8. Aukin þjónusta við ferðamenn, m.a. opnun Fræðslumiðstöðvar á Hakinu allt árið frá haustinu 2011, hefur kallað á fjölgun starfsmanna og lengingu starfstíma vor og haust. Þá hefur þjóðgarðurinn frá árinu 2010 tekið þátt í sérstökum verkefnum Vinnuálastofnunar og ríkisins fyrir atvinnuleitendur og námsmenn. Síðan þá hafa nokkrir starfsmenn fengið vinnu sumarlangt við fjölbreytt störf á Þingvöllum.

Starfsmenn þjóðgarðsins, auk þjóðgarðsvarðar, eru Einar Á. E. Sæmundsen fræðslufulltrúi, Guðrún St. Kristinsdóttir yfirlandvörður og Hrefna Sýlvía Sigurgeirsdóttir þjónustustjóri en hún tók við af Hrefnu V. Jónsdóttur sem gegndi því starfi lengst af starfstíma núverandi Þingvallanefndar.



Ólafur Örn Haraldsson.
Þjóðgarðsvörður frá 2010.



Sigurður Kristján Oddsson.
Þjóðgarðsvörður 1995 - 2009.



Einar Á. E. Sæmundsen.
Fræðslufulltrúi.
Hóf störf 1994.



Guðrún St. Kristinsdóttir.
Yfirlandvörður.
Hóf störf 1993.



Hrefna Sýlvía Sigurgeirsdóttir.
Þjónustustjóri.
Hóf störf 2012.



Hrefna V. Jónsdóttir.
Ritari.
Hóf störf 2006.

Nýir leigusamningar og byggingareglur

Í Þjóðgarðinum á Þingvöllum eru 82 sumarhús í einkaeigu. Í nóvember 2010 samþykkti Þingvallanefnd nýja skilmála fyrir endurnýjun lóðarleigusamninga í Þjóðgarðinum en þágildandi samningar runnu út í árslok 2010. Auk hækkunar á leigu eru helstu breytingar þær að Þingvallanefnd leigir nú einungis lóðir til einstaklinga en ekki til fyrirtækja eða félaga, skert var á ýmsum ákvæðum eldri samninga, eins og um gróðurvernd, vatnsvernd og ljósmengun, og áskilið að allar girðingar við sumarhústaði skuli fjarlægðar enda lét Þjóðgarðurinn girða umhverfis sumarhúsasvæðið. Er sú girðing í mörkum við Skálabrekku og síðan norður og austur fyrir sumarhúsasvæðið. Leigusamningar eru til tíu ára. Ekki er heimilt að reisa ný sumarhús í landi Þjóðgarðsins en heimilt að viðhalda þeim byggingum sem fyrir eru og breyta og lagfæra eldri hús á leigutímanum. Í nýjum byggingaskilmálum er að öðru leyti vísað til almennra byggingaskilmála Bláskógabyggðar um frístundahús.

Í apríl 2013 náðust samningar um kaup ríkisins á þremur sumarhúsum frá 1967 og 1968 í landi Gjábakka og verður sumarhúsabyggð lögð af neðan vegarins í kjölfarið. Er það í samræmi við stefnumörkun Þjóðgarðsins frá 2004 og tilmæli UNESCO frá 2004 um að sumarhúsin víki úr Þjóðgarðinum.

Í mars 2012 endurnýjaði Þingvallanefnd leigusamning við Landssamband hestamannafélaga um Skógarhóla sem áningar- og dvalarastað hestamanna. Landssambandið hefur um langt árabil haft aðstöðu á Skógarhólum og er saga landsmóts hestamanna nátengd Þingvöllum og Skógarhólum. Frá 1950 voru haldin landsmót á Þingvöllum á átta ára fresti og var síðasta landsmótið á Skógarhólum haldið árið 1978 en síðan hafa Skógarhólar verið meðal vinsælustu áningarstaða hestamanna á landinu. Undanfarin ár hefur verið unnið að viðamiklum endurbótum á girðingum og annarri aðstöðu á Skógarhólum.

Þingvellir – Þjóðgarður og heimsminjar.

Á árinu 2011 kom út ný bók um Þingvelli í ritröðinni Friðlýst svæði á Íslandi. Höfundur er Sigrún Helgadóttir náttúrufræðingur og bókaforlagið Opna gaf út. Þetta er alhliða ferðahandbók um sögu, þinghald og búskap á Þingvöllum, mótun lands og náttúrufar. Áhersla er lögð á að opna Þjóðgarðinn fyrir gönguglöðum ferðalöngum og fylgja bókinni göngukort og leiðarlýsingar.



Stefnumótun

Hugmyndaleit um þróun þjóðgarðsins

Sumarið 2011 leitaði Þingvallanefnd til almennings eftir hugmyndum um hvernig taka mætti á móti þeim þúsundum gesta, sem á hverju ári heimsækja Þingvelli, án þess að ganga á tækifæri komandi kynslóða til að njóta staðarins. Sérstök dómnefnd lagði mat á innsendar tillögur en í henni sátu Ragna Árnadóttir, fyrrverandi dómsmálaráðherra, formaður, Andri Snær Magnason rithöfundur, Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu, Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur og Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður. Alls bárust 102 tillögur frá 88 þátttakendum og veitti dómnefndin viðurkenningar og peningaverðlaun fyrir fimm áhuga-verðustu tillögurnar. Afhending viðurkenninga fór fram í Tjarnarsal Ráðhússins í Reykjavík föstudaginn 21. október 2011 og daginn eftir var efnt til opinnar hugmyndasmiðju þar sem flutt voru erindi og niðurstöður hugmyndaleitarinnar ræddar. Sýning á tillögum hugmyndaleitar var opin almenningi þá um helgina.

Við afhendingu viðurkenninganna benti formaður dómnefndar á að nokkur meginstef væri að finna í mörgum innsendra hugmynda. Þar á meðal vísun til víkinga og fornra íþróttar og sagnalistar og fjölmargar tillögur um góða veitingaaðstöðu á Þingvöllum í stað Valhallar sem brann til grunna í júlí 2009. Þá voru nokkrar tillögur, sem fólu í sér heildarstefnumótun fyrir þjóðgarðinn, og aðrar um að byggja upp gönguleiðir og um merkingar á Þingvöllum og við Þingvallavatn. Dómnefndin raðaði tillögnum, sem hlutu viðurkenningu, ekki í sæti en þær sem hlutu viðurkenningu voru:

Anna Ólafía Guðnadóttir: Kringsjá. Hótel- og veitingaaðstaða á Gjábakka. Lagt er til að reist verði hótel- og veitingaaðstaða á eyðijörðinni Gjábakka en þar er ægifagurt útsýni til allra átta.

Catherine Eyjólfsdóttir: Hugsað til barna í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Tillagan gerir ráð fyrir að komið verði upp leiksvæði fyrir börn.

Frá afhendingu viðurkenninga fyrir áhuga-verðustu hugmyndirnar í Tjarnarsal Ráðhússins í Reykjavík föstudaginn 21. október 2011. Auk þeirra sem veittu viðurkenningu móttöku eru á myndinni Álfheiður Ingadóttir, formaður Þingvallanefndar, og dómnefndarfulltrúarnir Ragna Árnadóttir, Margrét Hallgrímsdóttir og Ásborg Arnþórsdóttir.





Fjöldi fólks kynnti sér tillögurnar sem sýndar voru í Tjarnarsal Ráðhússins í Reykjavík.

Gunnlaugur Práinsson: Gönguleiðir um Þingvöll. Tillagan felur í sér að lagðir verði göngustígar úr varanlegu efni umhverfis þjóðgarðinn. Efnt verði til alþjóðlegs maraþons á Þingvöllum þar sem hlaupið verði á milli Evrópu og Ameríku.

Kristján Gíslason: Veitingahús á Þingvöllum. Tillagan gerir ráð fyrir að hægt verði að kaupa hollan og góðan mat á fallegum veitingastað í Þingvallabænum.

Sigrún Helgadóttir: Þingvellir, alvörubjóðgarður. Í tillögunni eru settar fram hugmyndir í 25 liðum sem miða að því að treysta Þingvelli sem þjóðgarð og heimsminjasvæði.

Næstu skref

Í framhaldi af hugmyndaleitinni hefur verið haldið áfram vinnu með hugmyndirnar sem fram komu. Margar sneru þær að staðarvali „nýrrar Valhallar“. Enn er ólokið uppgjóri tryggingabóta vegna Valhallarbrunans en með Valhöll hvarf mikilvægur hluti af innviðum þjóðgarðsins og er fyrirhugað að brunabæturnar nýtist til þess að styrkja þá að nýju.



Frá Valhallarbrúnum 10. júlí 2009. Ekki hefur verið gerð forsögn um þá starfsemi sem „ný Valhöll“ myndi hýsa en einkum er horft til veitingasölu, móttöku- og fundarsalar sem og samkomustaðar fyrir Alþingi en síður til gistirýmis.

Í hugmyndaleitinni var bent á fjölmarga staði, bæði í þinghelginni og í útjöðrum þjóðgarðsins, fyrir „nýja Valhöll“. Þingvallanefnd efndi til hópvinnu undir stjórn ráðgjafafyrirtækisins Alta um staðarvalið og komu til þeirrar vinnu á þriðja tug karla og kvenna sem þekkja vel til Þingvalla og tengjast þeim á einhvern máta. Hugmyndaleitin og hópvinna skilaði ábendingum um fjóra staði sem helst kæmu til greina og var VSÓ verkfræðistofu falið að gera úttekt á þessum hugsanlegu byggingastæðum fyrir „nýja Valhöll“.

Þeir staðir, sem skoðaðir voru, eru Valhallarsvæðið, Hakið, Efri-Vellir og Gjábakki. Mat verkfræðistofunnar lá fyrir í mars 2013 en það byggði eingöngu á tæknilegum forsendum, landrými, landgerð, veitum og tengingu við önnur mannvirki og óröskuð svæði. Innbyrðis samanburður leiðir í ljós að uppbygging á Hakinu fellur best að þeim matsþáttum sem til skoðunar voru. Næst kom Gjábakki, síðan Efri-Vellir og loks Valhallarsvæðið sem taldist lakasti kosturinn, m.a. vegna landsigs og erfiðrar aðkomu vegna þrengsla. Þingvallanefnd hefur ákveðið að láta skoða svæðin einnig með tilliti til sjónrænna, sögulegra og tilfinningalegra gilda áður en næstu skref verða tekin og mun valinn hópur vinna að því verkefni sumarið 2013.

Fjárhagur

Fjárhagsleg afkoma þjóðgarðsins á Þingvöllum 2009-2012 markaðist af almennum niðurskurði á fjárframlögum í kjölfar hrunsins en jafnframt af mikilli aukningu á sértekjum sem staðið hafa straum af vaxandi þjónustu í þjóðgarðinum.

Heildarútgjöld þjóðgarðsins á Þingvöllum námu ríflega 208 milljónum króna á árinu 2012 og höfðu aukist um tæplega 75% frá 2009. Má rekja aukninguna til tvöföldunar sértekna og lóðarleigu, til tímabundins framlags vegna framkvæmda við Almannagjá og gistináttagjalds sem þjóðgarðurinn fékk greitt á árunum 2011 og 2012. Heimild fékkst til að nýta auknar tekjur til að fjölga starfsmönnum og lengja opnunartíma á Hakinu úr 5 mánuðum í 12 ári.

Með fjárlögum 2013 urðu mikil umskipti í framkvæmdagetu þjóðgarðsins sem fékk 59,5 milljón krónur af sérstöku fjárfestingarframlagi til framkvæmda í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum.


Rekstur og afkoma þjóðgarðsins á Þingvöllum 2008-2013.

	2008	2009	2010	2011	2012	2013**
Tekjur*	31,020,000	41,594,864	46,139,076	69,541,894	91,378,075	108,900,000
Gjöld	-128.243.906	-119.782.867	-140.118.499	-155.840.696	-208.255.627	-272.200.000
Framlag ríkissjóðs	78.700.000	85.000.000	83.000.000	118.900.000	116.300.000	163.300.000
Rekstrarniðurstaða						
hagnaður/ tap	-18.523.906	6.811.997	-10.979.423	32.601.198	-577.552	0
Hagnaður/tap						
frá síðasta ári	3.990.332	-14.533.574	-7.721.577	-18.701.000	13.900.198	13.322.646
Árslokastaða	-14.533.574	-7.721.577	-18.701.000	13.900.198	13.322.646	

*brúttótekjur **áætlun

Árið 2010 varð 11 m.kr. halli á rekstri þjóðgarðsins þar sem heimild fékkst til að nýta allt framkvæmdafé árána 2010 og 2011 til að ljúka framkvæmdum við salernishús á Haki 2010. Árið 2011 fékkst aukafjárveiting vegna framkvæmda í Almannagjá en framkvæmdir hófust ekki fyrr en árið 2012 og því kemur fram 32 m.kr hagnaður af rekstri 2011. Árslokaniðurstaða 2012 var jákvæð um 13 m.kr. sem var ónýtt framkvæmdafé.

Framkvæmdafé á fjárlögum 2008-2013



Framkvæmdafé

Á árunum 2008-2012 nam fast framlag til framkvæmda í Þjóðgarðinum á Þingvöllum 31 m.kr. á ári. Sérstök fjárveiting fékkst 2011 og 2012 vegna jarðfalls sem varð í Almannagjá, samtals 36 m.kr. Á árinu 2011 bættist einnig við 10 m.kr. hlutdeild þjóðgarðsins í gistináttgjöldum sem þá var tekið upp og nam það 14 milljónum á árinu 2012. Á árinu 2013 fékkst 59,5 m.kr. framlag úr fjárfestingaáætlun en auk þess styrkur frá Framkvæmdasjóði ferðamannaáætlun (20 m.kr.) og 15 m.kr. af ráðstöfunarfé ríkisstjórnar. Framkvæmdafé 2013 nemur því tæplega 140 m.kr. og eru framkvæmdir fyrirhugaðar við helstu áningarstaði ferðamanna í Þjóðgarðinum og verklok í Almannagjá og á Haki.

Helstu útgjaldaliðir

Nettógjöld þjóðgarðsins á Þingvöllum námu ríflega 175 milljónum króna á árinu 2012. Launakostnaður var stærsti útgjaldaliðurinn 43%, mannvirkjagerð nam 20% og almennur rekstur 17%. Innkaup á bókum og minjagripum til endursölu námu 33 milljónum og voru brúttógjöldin því samtals 208 m.kr.


Á árinu 2012 var aftur opnað fyrir umferð um Almannagjá en til þess verkefnis fékkst sérstök fjárveiting 2011 og 2012 samtals 36 m.kr. Til mannvirkjagerðar og framkvæmda fóru því 20% útgjaldanna 2012, eða 35 milljónir auk aðkeyptrar sérfræðivinnu einkum arkitekta og verkfræðinga sem nam 17% útgjaldanna.

Sértekjur

Tekjur þjóðgarðsins námu ríflega 91 milljón króna á árinu 2012 og höfðu aukist um 175% frá 2009. Munar hér mest um tvöföldun á lóðarleigu og auknar tekjur af sölu bóka og minjagripa sem rekja má til fjölgunar ferðamanna og þess að Fræðslumiðstöðin er nú opin allt árið. Einnig hafa gestgjöld verið hækkuð til sæmræmis við tjaldsvæði í nágrenninu og ný tekin upp á salernum á Haki og fyrir köfun og snork í Silfru. Kostnaður við bóka- og minjagripakaup til endursölu dregst frá þessari tölu og námu nettótekjur á árinu 2012 þannig 58,2 milljónum króna.


Þjónustugjöld eru greidd fyrir tjaldstæði og veiðileyfi (16 m.kr.) en einnig salernisgjald (6 m.kr.) ofl. Nettótekjur af sölu bóka, blaða og minjagripa skilaði 18 m.kr., lóðarleiga nam 12 m.kr. og aðrar tekjur, þ.m.t. styrkir og endurgreiðslur voru um 6 m.kr. Á árinu 2013 er áætlað að 6 m.kr. bættist við tekjur þjóðgarðsins vegna köfunargjalda við Silfru og að nettótekjur þjóðgarðsins nemi um 75 m.kr.

Nettóútgjöld 2012



- Laun og launatengd gjöld
- Rekstrarkostnaður
- Mannvirkjagerð
- Sérfræðikostnaður
- Eignakaup

Nettótekjur 2012



- Tekjur af þjónustu
- Bækur/minjagripir
- Lóðarleiga
- Aðrar tekjur

Framkvæmdir

Göngubrú um Kárastaðastíg

Í lok júlí 2012 var tekin í notkun ný göngubrú niður Kárastaðastíg í Almannagjá. Í kjölfar leysinga vorið 2011 kom í ljós glufa í göngustígnum og við nánari skoðun leyndist um 10 metra djúp gjá undir stígnum. Frumathugun leiddi í ljós að til að tryggja öryggi þyrfti að „brúa“ um 50 metra langan kafla á Kárastaðastíg. Þingvalla-nefnd efndi í janúar 2012 til samkeppni um hönnun og útfærslu öruggar gönguleiðar um Kárastaðastíg þar sem lögð var áhersla á að framkvæmdin yrði afturkræf, allt aðborið efni frá vegagerð síðustu aldar hreinsað burt, göngustígurinn félli sem best að náttúrufari Þingvalla og drægi ekki að sér athygli að þarflausu. Enn fremur var óskað eftir að hin nýfundna sprunga fengi að njóta sín enda gæfist með henni gott tækifæri til að kynna jarðfræði Þingvalla og landmótun.

Þrátt fyrir þröng tímamörk bárust átta tillögur í samkeppninni. Tillaga Studio Granda og verkfræðistofunnar Eflu hlaut fyrstu verðlaun en dómnefndin veitti þrenn verðlaun fyrir þrjár ólíkar lausnir. Vinningstillagan þótti einföld og skýr en efnisval og frágangur taka mið af þeim mannvirkjum sem nú þegar eru uppi á Hakinu. Göngubrúin sveigir lítillega og liggur yfir grynna hluta sprungunnar svo sjá má niður í dýpsta hluta hennar. Undirstöðum er komið fyrir með hæfilegu millibili og á þeim hvílir brúargólfið sem sagað er úr sitkagreni frá Skógræktinni í Skorradal. Handrið er úr ryðlituðum pípum sem boltaðar eru í brúargólfið en á milli þeirra er strengt sterkt net, ofið úr dökkum basalttrefjum.

Framkvæmdir við göngubrúna hófust í byrjun maí 2012 og lauk, sem fyrr segir, í endaðan júlí. Heildarkostnaður vegna þessa verkefnis nam um 36 milljónum króna og fékkst fé til verksins af fjárlagalið um ófyrirséð útgjöld ríkisins. Stefnt er að því að ljúka frágangi við enda göngubrúarinnar beggja vegna sumarið 2013.

Unnið að hreinsun gjárinna undir Kárastaðastíg.



Tillaga Studio Granda og verkfræðistofunnar Eflu hlaut fyrstu verðlaun í samkeppni um göngubrú yfir gjána sem leyndist undir Kárastaðastíg og kom í ljós í leysingum vorið 2011.





Mikil fjölgun ferðamanna kallar á uppbyggingu á Haki

Ferðamannastraumur til Þingvalla hefur aldrei verið meiri. Talið er að nú heimsæki allt að 500 þúsund ferðamenn Þjóðgarðinn á Þingvöllum en alls fer um ein milljón manna um garðinn. Aukningin yfir sumartímann er m.a. vegna mikillar fjölgunar farþega með skemmtiferðaskipum en öðrum ferðalöngum fjölga líka og þeir koma nú orðið allt árið. Umferð gangandi fólks í Þinghelginni á veturna er orðin feiknamikil þannig að mjög sér á landinu, bæði stígum og grónu landi þar sem hvorki frost né snjóþekja hlífir. Vegna þessarar miklu fjölgunar ferðamanna er brýnt að bæta gestamóttöku í Þjóðgarðinum, stýra umferðinni betur og bæta umhverfi áningarstaða við helstu kennileiti, svo sem við Öxarárfoss og Drekkingarhyl. Þá er nauðsynlegt að stækka þjónustu- og fræðslurými, bæta aðstöðu fyrir starfsfólk og rekstur og stækka og endurskipuleggja bílastæði og aðkomu á Hakinu á barmi Almannagjár en áform um áframhaldandi uppbyggingu þar voru lögð til hliðar í hruninu.

Á fundi sínum í ágúst 2012 samþykkti Þingvallanefnd að hefja undirbúning að endurskoðun deiliskipulags á Haki og stækkun Fræðslumiðstöðvar sem var opnuð 2002. Var Þjóðgarðsverði falið að undirbúa framkvæmdir við fyrsta áfanga af þremur í áætlun um uppbygginguna en hún felur í sér byggt verði um 200 fermetra þjónustuhús sem mun hýsa verslun og kaffistofu. Aðstaða til að miðla fræðsluefni verður aukin með svokölluðum menningar- og fræðsluvörðum á hlaðinu milli fræðslumiðstöðvar og Kárastaðastígs og sýning í Fræðslumiðstöðinni verður endurnýjuð. Þá verður bílastæðum fjölgað og þau endurskipulögð og reist 60 fermetra starfsmannahús. Áætlað er að fyrsti áfangi þessara framkvæmda, sem rúmast innan núgildandi deiliskipulags, muni kosta um 150 milljónir króna og var sótt um fjárveitingu af fjárfestingaáætlun. Þegar umsókninni var sýnað í mars 2013 var óskað eftir framlagi á fjáraukalögum. Það erindi er óafgreitt.

Á þessari loftmynd af núverandi mannvirkjum á Hakinu eru fyrirhugaðar framkvæmdir í fyrsta áfanga merktar með gulum lit.



Í apríl 2011 var tekin í notkun ný salernisaðstaða á Hakinu og var þá komið fyrir afkastamiklu rotþróarkerfi. Innheimt er gjald fyrir afnot af þessari aðstöðu og er það í fyrsta sinn sem slíkt þjónustugjald er innheimt á ferðamannstöðum á Íslandi og hefur það gefist vel.

Fjöldi ferðamanna, sem kemur í Fræðslumiðstöðina, hefur farið hratt vaxandi á undanförunum árum.



Aukin þjónusta og fræðslustarf

Þjónusta við gesti Þjóðgarðsins hefur aukist verulega á síðustu þremur árum og munar þar mestu að frá hausti 2011 hefur verið opið allt árið í Fræðslumiðstöðinni á Hakinu. Upplýsingamiðstöð og verslun er eftir sem áður í Þjónustumiðstöðinni á Leirum og er hún opin frá 1. maí til 1. september en greiðasala á vegum einkaaðila er opin allt árið. Þungamiðja þjónustunnar við gesti hefur færst á Hakið á barmi Almannagjár. Þar geta ferðamenn keypt bækur, póstkort og ýmsan handunninn varning úr héraðinu. Með auknu sjálfsaflafé hefur tekist að bæta þjónustu við ferðamenn og fjölga starfsmönnum en þröngur húsakostur og erfið aðstaða háir starfseminni.

Mikil umskipti urðu þegar ný salernishús voru opnuð við Fræðslumiðstöðina vorið 2010 og biðraðir, sem þar vildu myndast, heyra nú nánast sögunni til. Einnig hafa verið gerðar ýmsar endurbætur á húsakosti og aðstöðu á tjaldstæðum, auk þess sem stígar og brautir hafa verið lagfærðar. Margvíslegt fræðslustarf fer fram á Þingvöllum og má þar meðal annars nefna fræðslugöngur á sumrin á fimmtudagskvöldum undir leiðsögn fróðra manna, auk þess sem farnar eru daglega fræðslugöngur um þinghelgina með leiðsögn á ensku.



Umhverfi Þingvallakirkju að loknum framkvæmdum 2010.

Þingvallakirkja

Núverandi kirkja á Þingvöllum var byggð árið 1859. Allt frá því að sameinað var embætti þjóðgarðsvarðar og sóknarprests ber þjóðgarðurinn kostnað af viðhaldi og rekstri kirkjunnar. Þetta breyttist ekki þótt skilið væri á milli þessara embætta árið 1995. Í tilefni af 150 ára afmæli kirkjunnar árið 2009 ákvað kirkjuráð þjóðkirkjunnar að leggja kirkjunni til verulegan fjárstyrk úr Jöfnunarsjóði sókna til endurbóta á kirkjunni og umhverfi hennar og lauk því verki síðla árs 2010. Kirkjutröppur voru endurhlaðnar og nýjar hellur lagðar framan við kirkjuna og aðkoma lagfærð. Meðal annars var lögð skábraut fyrir hjólastóla. Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt hjá Landmótun ehf. hannaði aðkomu, hellulögn og kirkjutröppur og var niðursagað hraungrýti notað í hellulögnina.

Þegar ráðist er í framkvæmdir á stað eins og Þingvöllum þarf að fara að öllu með mikilli gát og því má segja að jarðvegsskipti fyrir framan kirkjuna hafi verið unnin af fornleifafræðingi. Við uppgróftinn, sem Margrét H. Hallmundsdóttir fornleifafræðingur annaðist, komu í ljós ummerki sem varpa ljósi á grunn 16. aldar timburkirkju, auk forláta innsigliulgullhrings. Meðal merkra gripa kirkjunnar er forn altaritafla, predikunarstóll og skirnarskál sem nú er í vörslu Þjóðminjasafns.

Seinni lota í viðgerð kirkjunnar fór fram veturinn 2012-2013 og voru þá gluggar og gler endurnýjað, turn og dyraumbúnaður lagfærður ásamt fleiru í ytra byrði. Unnið var eftir forsögn í skýrslu Magnúsar Skúlasonar arkitekts og fékkst styrkur til verksins í Húsafriðunarsjóði.

Kolbeinn Sveinbjörns-
son verktaki í Heiðar-
ási í Þingvallasveit sá
um alla framkvæmd
verksins.



Innsiglihringur sem
fannst við kirkjuna
sumarið 2010.

Þingvallakirkja var færð undir Skálholtsprestakall árið 2011 og er vígslubiskup, Kristján Valur Ingólfsson, sóknarprestur Þingvallakirkju. Þá var einnig stofnuð kirkjunefnd Þingvallakirkju og er Þjóðgarðsvörður fulltrúi Þingvallanefndar í nefndinni.

Kirkjan er opin að degi til á sumrin og á öðrum tímum ef óskað er og tekur kirkjuvörður á móti gestum. Messað er í Þingvallakirkju hvern sunnudag sumarmánuðina en að jafnaði einu sinni í mánuði yfir veturinn, auk stórhátíða. Í Þingvallakirkju er margvísleg starfsemi önnur en reglulegar guðsþjónustur. Þar fara til dæmis fram margar hjónavígslur á ári hverju og er kirkjan sérstaklega vinsæl meðal hjónaefna erlendis frá. Fyrir utan að margir velja kirkjuna til giftinga og skirna eru einnig haldnir þar tónleikar. Hæst ber sumartónleika sem Einar Jóhannesson og félagar halda á þriðjudagskvöldum á sumrin.

Grisjun

Skógrækt ríkisins hefur að undanfögnu grisjað 50-60 ára gamlan barrskóg í Hrafnagjárdhalli en hann hefur vaxið mjög og dreift sér undanfarin ár. Timbrið er selt til Járblendiverksmiðjunnar á Grundartanga.



Öryggismál



Öryggisúttekt og viðbragðsáætlun

Sumarið 2012 fékk Þingvallanefnd verkfræðistofuna Eflu til að gera öryggisúttekt og áhættumat á tilteknum stöðum í Þjóðgarðinum til þess að tryggja öryggi gesta sem best. Lagt var mat á aðkomusvæði, helstu gönguleiðir, tröppur, útsýnispalla og tjaldstæði. Öryggisatriði voru metin og tillögur gerðar til úrbóta sem nú er unnið eftir.

Gerð hefur verið öryggis- og viðbragðsáætlun fyrir starfsmenn Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Áætlunin miðar að því að draga úr áhættu, stuðla að öruggu umhverfi en ekki síst að því að tryggja fagleg viðbrögð þegar slys eða óhöpp verða. Áætlunin tekur til mats á áhættu, forvarna, viðbragða og fræðslu og einnig til ábyrgðar, stjórnunar og boðleiða. Hún leysir hins vegar ferðamenn á engan hátt undan eigin ábyrgð né heldur ferðapjónustuaðila undan þeirri ábyrgð sem þeir bera á öryggi viðskiptavina sinna.

Silfra

Silfra er djúp og vatnsmikil gjá sem opnast út í Þingvallavatn austan við ósa Öxarár. Gjáin er með þekktustu „köldu“ köfunarstöðum í heimi og mjög vinsæl enda er vatnið kristaltært. Umferð í Silfru hefur vaxið mjög hratt á síðustu árum með tilkomu ferðapjónustufyrirtækja sem sérhæfa sig í köfun og snorki og er talið að nú fari um 10 þúsund manns um gjána á ári. Því miður hafa orðið óhöpp og alvarleg slys í Silfru og álag á svæðið hefur aukist með tilheyrandi gróðurskemmdum.

Til að tryggja öryggi gesta sem best hefur verið gerð öryggisúttekt og áhættumat á tilteknum stöðum í Þjóðgarðinum.

Nú er óheimilt að kafa dýpra en 18 metra í Silfru, aðeins mega vera fjórir kafarar með hverjum leiðsögumanni en átta í snorki. Markmiðið er að bæta öryggi, stýra umferðinni og létta álagi í gjánni og umhverfi hennar.



Vegna þessa hefur Þingvallanefnd sett nýjar reglur um öryggi kafara og umferð í gjánni í samráði við Siglingastofnun Íslands og helstu hagsmunaaðila í köfun. Jafnframt var ákveðið á árinu 2013 að taka 1.000 krónu gestagjald fyrir köfun og snork í Silfru til þess m.a. að standa undir jarðarbótum, bættri þjónustu og nauðsynlegri aðstöðu fyrir kafara. Þá gaf Siglingastofnun út fyrirsmæli um starfsemi þeirra sem bjóða upp á ferðaþjónustu í köfun og snorki í Þjóðgarðinum og þeirra sem kafa þar á eigin vegum.

Aukin og hraðari umferð með nýjum Lyngdalsheiðarvegi

Í október 2010 var tekinn í notkun nýr vegur um Lyngdalsheiði milli Laugarvatns og Þingvalla. Nýi vegurinn opnar heilsársleið innan Bláskógabyggðar og leysir af hólmi gamla veginn um Gjábakka. Með opnun nýja vegarins bötnuðu samgöngur til muna á milli höfuðborgarsvæðisins og uppsveita Árnessýslu en frá upphafi var ljóst að umferð um Þjóðgarðinn myndi aukast til muna og einnig var hugsanlegur hraðakstur, slyshætta og umferðarhávaði áhyggjuefni. Gerð nýja vegarins var umdeild á sínum tíma, m.a. bentu vísindamenn á hættu á aukinni mengun frá umferð sem með tímanum myndi rata í Þingvallavatn. Þáverandi Þingvallanefnd mótmælti legu vegarins og að lokum var öll veglinan færð út fyrir mörk Þjóðgarðsins.


Mælingar Vegagerðarinnar staðfesta að þessar áhyggjur áttu við rök að styðjast. Umferð um Þingvallaveg hefur rúmlega tvöfaldast frá því nýi vegurinn var opnaður. Þannig jókst fjöldi bíla, sem fer að meðaltali um Þjóðgarðinn alla daga ársins, úr 308 bílum á dag árið 2010 í 701 bíl á árinu 2012. Umferðaralagið getur orðið mjög mikið einstaka daga á sumrin. Þannig óku hátt í 8000 bílar um Þjóðgarðinn eina helgina sumarið 2012 með tilheyradi umferðargný, mengun og slyshættu. Þá hefur komið í ljós að umferð um Mosfellsheiði jókst um 85% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2013, miðað við sömu mánuði árið áður.



Umferð um þjóðgarðinn hefur stórkæpt frá því nýr vegur um Lyngdalsheiði milli Laugarvatns og Þingvalla var tekin í notkun 2010.

Þingvallanefnd og Vegagerðin hafa átt gott samstarf um aðgerðir til að draga úr umferðarhraða í þjóðgarðinum. Áberandi skiltum og vegþrengingum hefur verið komið fyrir við veginn inn í þjóðgarðinn og vegþrenging ásamt göngubraut var sett milli Þjónustumiðstöðvarinnar og tjaldstæðanna á Leirum. Vegtengingu norðan við Arnarfell var breytt þannig að nú liggur ekki beint við að aka niður að Vatnsvíkinu svokallaðan Vallaveg þegar komið er að sunnan inn í þjóðgarðinn heldur liggur veglínan beint áfram til Gjábakka. Þungaflutningar miðast nú við 8 tonn og komið var fyrir umferðargreini, myndavél og teljara við Hrafnagjá norðan Gjábakka og upplýsingum og hvatningu komið á framfæri í fjölmiðlum. Frá upphafi hefur verið deilt um áhrif vaxandi umferðarpunga á lífríki Þingvallavatns. Þingvallanefnd hefur ítrekað óskir um að Vegagerðin láti mæla loftaðborið nitur eins og áskilið er í samþykki umhverfisráðuneytis á umhverfismati vegarins frá 2007 en þær mælingar hafa ekki hafist enn þá.

Umferð um Þingvallaveg í þjóðgarðinum 1999-2012



Lífrikið

Marktækar breytingar á Þingvallavatni

Í desember 2012 birti Náttúrufræðistofa Kópavogs niðurstöður eftir fyrstu fimm ár í sérstakri vöktun Þingvallavatns. Vöktunin staðfestir að vatnsgæði Þingvallavatns, eins og þau eru skilgreind samkvæmt reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, eru mjög góð. Hins vegar sýna niðurstöðurnar einnig að undanfarna áratugi hafa átt sér stað marktækar breytingar í lífríki og efna- og eðlisþáttum Þingvallavatns. Vatnið hefur hlýnað, styrkur uppleysts nitrats (NO₃) aukist í aðrennslinu, magn þörungasvífs (blaðgrænu) aukist í vatnsbolnum og rýni vatnsins minnkað í kjölfarið.

Vöktun á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns hófst 2007 á vegum Umhverfisstofnunar, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur og Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Meginmarkmið hennar er að kortleggja ástand og breytingar sem kunna að verða á lífríki og efna- og eðlisþáttum vatnsins af mannavöldum og vegna náttúrulegra álagsþátta. Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands vaktar efna- og eðlisþætti í aðrennsli og frárennsli; en Náttúrufræðistofa Kópavogs vaktar lífríki og efna- og eðlisþætti í vatnsbolnum.

Ný Þingvallabók

Verndargildi Þingvallavatns er mikið vegna einstaks lífríkis og vatnafræðilegra eiginleika og vegna tengsla vatnsins við þjóðgarðinn á Þingvöllum. Hinn vísindalegi grunnur að verndargildi vatnsins var lagður með umfangsmiklum rannsóknum á vistkerfi vatnsins, sem hófust um miðjan áttunda áratug síðustu aldar og stjórnað var af Pétri M. Jónassyni. Pétur var ásamt Páli Hersteinssyni ritstjóri enskrar útgáfu bókarinnar Þingvallavatn – undraheimur í mótun sem hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2002. Þingvallanefnd stóð að málþingi til heiðurs Pétri þegar ný útgáfu bókarinnar kom út í ársbyrjun 2011.





Ástand Þingvallavatns er almennt mjög gott en vöktunin leiðir í ljós að marktækar breytingar eru að verða á vatninu. Þingvallanefnd telur mikilvægt að takmarka ákomu næringarefna, einkum niturs og fosfórs, og hefur leitað eftir samvinnu við sveitarfélög og umhverfisvöld í því skyni.

Galapagos norðursins

Um Þingvallavatn og vatnasvið þess gilda ýmis verndarákvæði samkvæmt lögum, reglugerðum og samþykktum. Verndarákvæðin grundvallast að miklu leyti á því að í vatninu þrífst óvenju gróskumikið lífríki sem er um margt mjög sérstakt og sumpart einstakt á jörðinni. Auk þess að vera þekkt sem fengsælt fiskivatn, einkum vegna murtunnar, er Þingvallavatn einna kunnast fyrir bleikjuafbrigðin fjögur sem þar hafa þróast og aðlagast mismunandi búsvæðum og fæðu. Hvergi í öðru vatni á norðurhveli er að finna jafnmörg bleikjuafbrigði og hvergi eru afbrigðin jafnólík í útliti og lífsháttum eins og í Þingvallavatni. Þróun bleikjuafbrigðanna – og tveggja afbrigða hornsíla – í Þingvallavatni þykir afar merkileg í vistfræði- og þróunarfræðilegu tilliti og hefur verið líkt við finkur Darwins og þróunarsögu þeirra á Galapagoseyjum.

Í bókun Þingvallanefndar 3. desember 2012 er lögð áherslu á að vöktunaráætlunin hafi skilað þeim árangri að nú sé unnt að bregðast við vísbendingum um breytingar á vatninu áður en í óefni er komið. Nefndin telur brýnt að vöktunaráætlunin verði endurskoðuð í samræmi við tillögur skýrsluhöfunda og leitað allra leiða til að takmarka ákomu næringarefna, einkum niturs og fosfórs, á og í Þingvallavatni. Nefndin hyggst leita samvinnu við sveitarfélögin og umhverfisvöld í því skyni. Liður í því er úttekt á fráveitu frá sumarhúsum í þjóðgarðinum og mælingar á mengun frá vaxandi umferð um svæðið.

Úttekt á rotþróm og vatnsöflun innan þjóðgarðsins

Ákveðið var haustið 2011 að skoða hvernig fráveitumálum og neysluvatnslögnum væri háttað við sumarhús í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Athugunin var gerð í samráði við sveitarfélögin og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sem gerði spurningalista sem

dreift var til eigenda sumarhúsanna. Skoðaðar voru rotþrær og einnig athugað hvernig neysluvatn væri fengið. Þess er vænst að aðrir landeigendur við Þingvallavatn geri sams konar athugun á sínu svæði. Samkvæmt reglugerð eiga allar rotþrær og frárennsli við Þingvallavatn að standast þar til greindar kröfur ekki síðar en árið 2020.

Rannsóknir á Þingvallaurriða

Rannsóknafyrirtækið Laxfiskar ehf. hefur með stuðningi Þingvallanefndar safnað ítarlegum upplýsingum um lífshætti Þingvallaurriðans. Verkefnisstjóri er Jóhannes Sturlaugsson líffræðingur en meginmarkmið rannsókna er að vakta hrygningargöngur urriðans og stærð og samsetningu hrygningarstofnsins. Með notkun rafeindamerkja er safnað upplýsingum um atferli og umhverfi urriðans árið um kring og með merkingum á seiðum og fiskum á öðrum lífsskeiðum er safnað upplýsingum um vöxt þeirra.

Niðurstöður rannsókna sýna að hrygningarstofn urriðans hefur vaxið mikið á þeim ríflega áratug sem þær hafa staðið yfir. Þannig hefur árlegur fjöldi urriða á riðunum í Öxará aukist frá því að vera innan við 100 upp í ríflega 800 fiskar og smærri hrygningarstofnar urriðans sunnan megin á vatnasvæðinu hafa einnig styrkst á þessu tímabili, bæði í Útfallinu og Ölfusvatnsá. Samhliða stækkandi hrygningarstofni í Öxará hefur fjöldi stórvaxinna fiska aukist þannig að hin síðari ár er árisst að á riðunum séu 10-12 kg urriðar sem eru allt upp í 100 sm langir. Skráningar á hrygningargöngum urriðans í Öxará byggja annars vegar á kvikmyndateljara sem skráir ferðir og stærðarmælir alla urriða sem um hann ganga og hins vegar sér siritandi skynjunarbúnaður um að skrá ferðir urriða sem bera rafkenni.

Frá fræðslugöngu um urriðann í Þingvallavatni sem farin var í tíunda sinn haustið 2012 í samstarfi Laxfiska og Þjóðgarðsins. Á undanförunum árum hefur færst í vöxt að fólk vilji kynnast þessum hluta náttúru Þingvallasvæðisins og ekki spillir að börn og unglingar hafa mikinn áhuga á þessum risavöxnu fiskum og lífsháttum þeirra.



Sagan

Pingvellir og heimsminjaskrá UNESCO

Heimsminjasamningur UNESCO frá árinu 1972 miðar að því að vernda bæði menningarminjar og náttúruminjar sem eru einstakar í heiminum. Aðildarríki samningsins leggja fram yfirlitsskrá yfir þá staði sem tilheyra menningar- og náttúruarfleifðinni og eiga heima á heimsminjaskránni. Tilnefningar eða umsóknir eru síðan gerðar á grundvelli yfirlitsskráanna sem eru endurskoðaðar á nokkurra ára fresti.

Tveir staðir á Íslandi eru nú á heimsminjaskrá UNESCO, Pingvellir og Surtsey, en Pingvellir voru teknir á heimsminjaskrána árið 2004 sem menningarminjar og Surtsey 2007 sem náttúruminjar.

Á árinu 2011 afhenti mennta- og menningarmálaráðuneytið heimsminjaskrifstofu UNESCO nýja yfirlitsskrá Íslands en á henni eru sjö staðir eða svæði. Tvær tilnefningar eru í undirbúningi sem tengjast Pingvöllum. Annars vegar alþjóðlegt verkefni um víkingaminjar og hins vegar tilnefning Pingvallasvæðisins sem náttúruminjar. Unnið hefur verið að báðum tilnefningum jafnhliða en þær eru mislangt komnar.

Pingvallasvæðið er á yfirlitsskrá Íslands yfir fyrirhugaðar tilnefningar á heimsminjaskrá sem náttúruminjar og er unnið að undirbúningi umsóknar á vegum heimsminjanefndar Íslands og Pingvallanefndar.



Veiðimenn í veðursæld í Vatnskoti.



Pingvallasvæðið er einstakt á heimsvísu

Með skráningu Þingvalla á heimsminjaskrána 2004 var einstakt gildi svæðisins sem menningarminjar staðfest. En Þingvallasvæðið er einnig náttúruundur á heimsvísu þar sem landmótun og lífríki mynda eina heild sem líkja má við kennslustofu í jarðfræði, landmótun, líffræði og þróunarfræði. Þingvallasvæðið hefur verið á yfirlitsskrá Íslands frá 2007 og hefur heimsminjanefndin, sem skipuð var 2009, og Þingvallanefnd unnið ótullega að undirbúningi tilnefningar svæðisins sem náttúru-minjar á heimsminjaskrána.

Forsendur fyrir skráningu á heimsminjaskrá eru að svæðið sé einstakt á heimsvísu og það má með sanni segja um náttúru Þingvallasvæðisins. Þar liggja flekaskil milli meginflekka jarðskorpunnar, Evrasíuflekans og Norður-Ameríkuflekans, á þurru landi en slík skil er oftast að finna á sjávarbotni utan Íslands. Flekaskilin eru mjög virk og færast flekarnir á Þingvöllum fjær hvor öðrum um 5 mm á ári en sigdældin milli þeirra stækkar og sígur. Afleiðingar þessarar gliðunar í jarðskorpunni sjást glöggt í gjám og sprungum á Þingvöllum.

Í Þingvallavatni er einnig einstakt tækifæri til að fylgjast með þróun og myndun nýrra tegunda lífvera. Þar hafa á innan við 10 þúsund árum myndast fjögur sérstök afbrigði heimskautableikju (*Salvinus alpinus*). Þingvallavatn er eina vatnið þar sem slík þróun er þekkt en forsendur fyrir henni eru talin ný búsvæði sem myndast í vatninu vegna flekahreyfinganna. Tvær einlendar og nýjar tegundir fyrir heiminn fundust í Þingvallavatni á árunum 1998 og 2000 en það eru blindar vatnamarflær (Crustacea), hellalífverur sem búa í aðrennsliskerfum vatnsins og á vatnasviðinu. Jafnvel er talið að vatnamarflærnar hafi hafst þar við um milljónir ára og lifað af ísöld kvartertímabilsins sem hófst fyrir um 2,5 milljónum ára.



Margvislegir viðburðir hafa verið settir á svið til að vekja athygli á sögu þingstaðanna.

Þingstaðaverkefnið 2009-2012

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var meðal átta aðila að þingstaðaverkefninu – Thing Project – sem styrkt var af Norðurslóðaáætlun ESB 2009-2012. Byggðastofnun er umsjónaraðili Norðurslóðaáætlunarinnar á Íslandi. Grunnhugmynd verkefnisins er að efla og auka þekkingu á sögu þingstaða, hvernig hægt er að kynna hana og efla ferðaþjónustu tengda þessum stöðum.

Verkefnið lýtur að þingstöðum sem kunnir eru frá vikingatímanum og eru dreifðir um landsvæði sem víkingar námu og byggðu eins og mörg örnefni vitna um. Í Skotlandi er Dingwall þekkt á tveimur stöðum og á eyjunni Mön í Írlandshafi eru lög enn sögð upp við hátíðlega athöfn á stað sem heitir Tynwall. Í Færeyjum stendur stjórnarsetur eyjanna á Tinganesi í Þórshöfn þar sem þing voru háð um aldir. Á Orkneyjum og Hjaltlandseyjum eru örnefni og sagnir um forna þingstaði. Lög Gulapings, sem talið er að hafi verið háð norðan við Bergen í Noregi, eru sögð fyrirmynd fyrstu laga sem upp voru sögð á Alþingi Íslendinga á Þingvöllum árið 930. Með þingstaðaverkefninu hefur orðið til virkt tengslanet sérfræðinga um sögu þekktra þingstaða. Unnið hefur verið að ýmsum verkefnum, þar á meðal bók og bæklingi sem kynna sögu þingstaðanna, að stefnumótun í kynningu þingstaða, stöðlum fyrir fornleifarannsóknir, yfirliti um stjórnun og stefnu þingstaða og að heimasíðu. Til að vekja athygli á sögu staðanna voru einnig settir upp viðburðir og ráðstefnur haldnar. Verkefnið hefur orðið til að vekja athygli á og kynna betur sögu minna þekktra þingstaða.

Hyllestad í Noregi er einn af stöðunum sem tilnefndir eru sem vikingaminjar en þar voru á sínum tíma framleiddir myllusteinar og seldir um alla Evrópu. Nemandur í 10. bekk í grunnskólans í Hyllestad annast fræðslu fyrir gesti og er það hluti af námsefni þeirra.



Raðtilnefning vikingaminja

Ísland er í forystu fyrir alþjóðlegri raðtilnefningu á minjum frá vikingatímanum í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 10. ágúst 2007. Unnið er að því að setja staði, sem tengjast menningu vikinga, á heimsminjaskrá UNESCO í samstarfi við Danmörku, Lettland, Noreg og Þýskaland (Slésvík-Holtsetaland).

Í þessari raðtilnefningu verða staðir sem þegar eru á skránni, s.s. Þingvellir og kaupstaður vikinga í Slésvík-Holtsetalandi, auk nokkurra nýrra staða sem þjóðirnar leggja til, alls átta staðir. Hvert þátttökuríki undirbýr sinn hluta í raðtilnefningunni og hefur verið haft samráð við Þingvallanefnd og starfsmenn þjóðgarðsins á Þingvöllum í aðdraganda verkefnisins og við vinnu umsóknarinnar. Stefnt er að því að umsóknin verði send til heimsminjaskrifstofunnar 1. febrúar 2014 og verði tekin fyrir á fundi heimsminjaráðsins sumarið 2015.

Fornleifaskráning í þjóðgarðinum á Þingvöllum

Skipuleg skráning fornleifa hófst í þjóðgarðinum á Þingvöllum vorið 2010. Fornleifaskráningin er unnin í samræmi við stefnumótun þjóðgarðsins 2004-2024 og ályktun heimsminjaráðs (ICOMOS) frá því Þingvellir voru settir á heimsminjaskrá. Þar er fornleifaskráning í þjóðgarðinum skilgreind sem forgangsverkefni enda mjög brýnt þar sem vaxandi ferðamannastraumur veldur auknu álagi á menningarminjar. Mikið er af fornminjum innan marka þjóðgarðsins og hefur ekki farið fram heildstæð fornleifaskráning. Allar minjar innan þjóðgarðsins hafa verið friðaðar síðan 1930 en fyrstu lög um þjóðgarðinn voru samþykkt 1928. Vitneskja um staðsetningu og



Markmiðið er að skrá allar fornleifar í þjóðgarðinum með nákvæmri staðsetningartækni. Margrét H. Hallmundsdóttir fornleifafræðingur að störfum.

umfang minja í þjóðgarðinum er mjög mikilvæg til að hægt sé að taka tillit til og vernda þær fornminjar sem eru á svæðinu. Markmiðið er að skrá allar fornleifar í þjóðgarðinum með nákvæmri staðsetningartækni og nýta til þess fullkomin fjar-könnunargögn sem þjóðgarðurinn hefur komið upp á síðustu fimm árum. Vorið 2010 voru skráðar fornleifar á eyðibýlunum Skógarkoti, Hrauntúni og Vatnskoti. Einnig var farið um allt svæðið fyrir neðan þjóðveg með norðurströnd Þingvallavatns og fornleifar skráðar. Sumarið 2011 var unnið að skráningu innan þingstaðarins forna og gögnum safnað. Þriðji áfangi verkefnisins hófst í júní 2012 og var þá unnið að skráningu og leitað að fornleifum á jöðrum hins forna þingstaðar en einnig var skráð á hluta svæðisins milli Hrafnabjarga og Ármannsfells. Sótt hefur verið um styrk í Fornleifasjóð til að vinna úr þeim gögnum sem safnað hefur verið og halda áfram vettvangsvinnu en stór hluti þjóðgarðsins er enn ókannaður.

Fornleifaskráningin er undir stjórn Margrétar H. Hallmundsdóttur fornleifafræðings og Einars Á. E. Sæmundsen fræðslufulltrúa þjóðgarðsins. Fornleifavernd ríkisins hefur veitt verkefninu liðsinni og faglega aðstoð.

Gestir

Talning sem fór fram sumarið 2010 bendir til þess að 300-400 þúsund gestir leggi leið sína um Almannagjá á hverju ári. Hér hefur talningamaður staðið upp úr stól sínum til að fá betri yfirsýn.



Um 500 þúsund heimsækja Þingvelli á ári

Þingvellir eru einn fjölsóttasti ferðamannastaður landsins en talið er að allt að 500 þúsund gestir leggi leið sína í Þjóðgarðinn á hverju ári. Talning á umferð fótgangandi ferðamanna um Almannagjá bendir til þess að 300-400 þúsund manns gangi um gjána á ári hverju. Talningin fór fram á virkum dögum á þriggja vikna tímabili í júlí og ágúst 2010 og sýndi að þá gengu rúmlega 47 þúsund gestir um Almannagjá milli klukkan 9 á morgnana og 4 síðdegis. Helsti álagstíminn reyndist vera á milli klukkan 10 og 11 á morgnana en á þeim tíma fóru einn morguninn yfir 800 ferðamenn niður Almannagjá.

Íslendingar og Þjóðverjar nýta tjaldstæðin mest

Íslendingar og Þjóðverjar eru þær þjóðir sem mest nýta tjaldstæðin í Þjóðgarðinum á Þingvöllum. Síðastliðin tíu sumur, frá 2002 til 2012, eru skráðar 82.142 gistinætur á tjaldstæðunum tveimur í Þjóðgarðinum. Flestir gistu í Þjóðgarðinum sumarið 2010 þegar tæplega 10.400 gistinætur voru skráðar en fæstir sumarið 2004 þegar liðlega 4.600 gistu á tjaldstæðum innan Þjóðgarðsins.

Liðlega helmingur þeirra sem nýttu sér tjaldstæðin í Þjóðgarðinum síðustu tíu árin eru Íslendingar með liðlega 43.700 gistinætur en næstfjölmennastir eru Þjóðverjar með tæplega 12.400 gistinætur. Í þriðja sæti eru Frakkar með 5.000 gistinætur og Hollendingar eru í fjórða sæti með 3.000 gistinætur. Af Norðurlandþjóðunum eru það Danir sem oftast nýta sér tjaldstæðin í Þjóðgarðinum en síðustu tíu ár hafa liðlega 1.500 Danir gisti í tjöldum á Þingvöllum.



Tjaldað í Vatnskoti.

Leyfilegt er að tjalda á tveimur svæðum innan þjóðgarðsins, á Leirum við Þjónustumiðstöðina og í Vatnskoti við Þingvallavatn. Á Leirum skiptast tjaldsvæðin í fjóra hluta og eru tvö svæði eingöngu fyrir tjöld en tvö svæði fyrir húsbíla og fellihýsi. Tjaldsvæðið í Vatnskoti er einungis ætlað tjöldum og er öll umferð bifreiða bönnuð um svæðið. Tjaldsvæðin innan þjóðgarðsins eru opin frá 1. júní til 1. september ár hvert.

Heimsóknir í Þingvallakirkju

Á tíu virkum dögum í kringum verslunarmannahelgina 2012 komu samtals 2.410 manns og skoðuðu Þingvallakirkju. Kirkjuvörður taldi hverja sál sem steig báðum fótum inn fyrir skörina og meðtók kirkjuvarðarins blessun frá klukkan 9 að morgni til klukkan 4 síðdegis dagana 1. til 15. ágúst. Flestir komu um miðjan dag milli klukkan 1 og 3 en fæstir á morgnana milli klukkan 9 og 10.



Á hverju vori koma fjölmargir skólahópar í heimsókn til Þingvalla.



Helle Thorning-Schmidt forsætisráðherra Danmerkur ásamt Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og Ólafi Erni Haraldssyni Þjóðgarðsverði á Þingvöllum í ágúst 2012.



Forsætisráðherra Kína, Wen Jiabao, við Lögberg á Þingvöllum í apríl 2012.



Frá fimmtudagskvöldgöngu Þjóðgarðsins í júlí 2010 þar sem Margrét Sveinbjörnsdóttir, meistaranemi í hagnýtri menningarmiðlun fjallaði um mannlíf og menningu í Þingvallasveit á 20. öld.



Forseti Þjóðþings Möltu, Michael Frendo, kom til Þingvalla ásamt fylgdarliði í mars 2012.

Lög og reglur um þjóðgarðinn á Þingvöllum:
Lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004.
Reglugerð um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 848/2005.
Lög um verndun vatnasviðs Þingvallavatns nr. 85/2005.
Reglugerð um verndum vatnasviðs Þingvallavatns nr. 650/2006.

www.thingvellir.is

